

# ALLT Í PLASTI 9



Útbúið glærukynningu eða skjal með niðurstöðum.

Skráið niður eða takið myndir af 10 hlutum sem eru úr plasti í skólastofunni.

Veltið fyrir ykkur hve háð við erum plasti. Plast er af mismunandi gerðum og auðveldara er að skipta út sumu plasti en öðru.

Hvaða plasti er auðvelt að sleppa? En erfitt að sleppa? Nefndu 2-3 hluti. Hvaða önnur efni væri hægt að nota í þessa hluti í staðinn?

Hvað er gott/slæmt við plast? Nefndu 2-3 hluti. Lesið bls.22-25 í Hreint haf. Hvaða plasthlutir enda oftast í sjónum? Hvaða áhrif hefur það á dýr? Hvað er örplast?

Farið í göngutúr takið myndir af tíu ólíkum hlutum sem þið sjáið úr plasti.

Safnið saman öllu plasti sem þið komið með í skólann í þrjár vikur.

Skóðið þetta myndband:  
**PLAST**

Plast er sniðugt efni. Það er vatnshelt, endingargott og ódýrt. Þegar við flokkum plast þá er stundum hægt að endurvinna það og búa til nýja hluti úr plastinu.

Plast var fundið upp fyrir meira en 100 árum. Í dag er plast notað í hjálplega hluti líkt og reiðhjólahlálma og björgunarvesti. Plast hefur hjálpað til við að létta farartæki líkt og bíla og flugvélar og svo er plast notað utan um mat svo að hann skemmist síður.

Vandamálið við plast er ekki endilega plastið sjálft heldur hvernig við notum það og hversu mikið við notum.

Heimsmarkmið:



1-2 KLST.